

Föstudaginn 25. febrúar 1994.

Nr. 88/1994.

Sigurður Árnason

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Runólfi Sigtryggssyni,

Halldóru Sigurðardóttur,

Svölu Sigtryggsdóttur,

Sigurgeiri Sigmundssyni,

Helga Kristjánssyni,

Eddu Guðmundsdóttur og

Freyju Bergþóru Benediktsdóttur

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

Kærumál. Kröfugerð. Vanreifun. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. febrúar sl., sem barst réttinum ásamt kærugögnum 18. s.m. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, „að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið“. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilar verði dæmdir til að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðilarnir Runólfur Sigtryggsson, Halldóra Sigurðardóttir og Svala Sigtryggsdóttir krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Aðrir varnaraðilar hafa ekki látið kærumálið til sín taka.

Málsatvik eru rakin í stórum dráttum í hinum kærða úrskurði.

Í kaupsamningi sóknaraðila og varnaraðilans Runólfs um sölu-turninn Teninginn, sem var annar hluti makaskiptasamnings þeirra, er varnaraðilans Halldóru að engu getið, og verður ekki séð, að hún hafi átt nokkra aðild að þeim samningi. Á hinn bóginn tókst hún á

hendur með samkomulagi við varnaraðilann Runólf að sjá um rekstur söluturnsins, eftir að kaup Runólfs á honum voru til lykta leidd. Réttarfarsskilyrðum var því ekki fullnægt fyrir aðild varnaraðilans Halldóru að málinu. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar um þennan þátt málsins ber að vísa kröfu sóknaraðila gegn þessum varnaraðila sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Aðalkrafa sóknaraðila fyrir héraðsdómi gegn varnaraðilanum Runólfi varðar ágreining, sem uppi er í málinu um skyldu hans til að efna in natura kaupsamning þeirra um íbúð á 2. hæð í húsinu nr. 92 við Suðurgötu í Hafnarfirði. Af þeirri kröfu leiðir óhjákvæmilega þá kröfu sóknaraðila, sem hann gerir á hendur öðrum varnaraðilum en Halldóru vegna síðari ráðstafana og kaupsamninga um íbúðina, er þeir aðilar tengjast með þeim hætti, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Eigi verður séð, að kröfugerð þessi sé með annmörkum, sem valda hafi átt frávísun málsins frá héraðsdómi. Sama máli gegnir um varakröfu sóknaraðila gegn varnaraðilanum Runólfi.

Sakarefni máls þessa er þannig vaxið, að nauðsynlegt var, að í stefnu væri öllum þáttum þess gerð ýtarleg skil. Reifun málsins þar er á hinn bóginn ófullnægjandi. Á það ekki síst við um þátt varnaraðilanna Helga Kristjánssonar og Eddu Guðmundsdóttur annars vegar og Freyju Bergþóru Benediktsdóttur hins vegar. Þó er á það að líta, að upplýsingar, sem er að finna í öðrum gögnum málsins, vega þar að nokkru upp á móti. Ætla má og, að með frekari gagnaöflun megi úr því bæta, sem enn kynni að teljast á vanta í því efni. Verður því ekki talið, að gallar á málatalibúnaði sóknaraðila að þessu leyti séu slíkir, að valda hafi átt frávísun málsins frá dómi.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunarúrskurð úr gildi að öðru leyti en varðar varnaraðilann Halldóru Sigurðardóttur og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Varnaraðilarnir Runólfur Sigtryggsson og Svala Sigtryggisdóttir greiði sameiginlega sóknaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað. Sóknaraðili greiði varnaraðilanum Halldóru Sigurðardóttur 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Að öðru leyti reynir ekki á kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Sigurðar Árnasonar, gegn varnar-aðilanum Halldóru Sigurðardóttur er vísað frá dómi ex officio. Sóknaraðili greiði þessum varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Hinn kærði úrskurður er að öðru leyti felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Varnaraðilarnir Runólfur Sigtryggsson og Svala Sigtryggsdóttir greiði sameiginlega sóknaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1994.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri fyrir stefndu Eddu Guðmundsdóttur, Freyju Bergþóru Benediktsdóttur, Helga Kristjánssyni og Sigurgeiri Sigmundssyni hinn 23. júní 1993, en fyrir stefndu Runólfi Sigtryggssyni, Halldóru Sigurðardóttur og Svölu Sigtryggsdóttur hinn 24. júní s.á.

Málið var tekið til úrskurðar hinn 11. janúar sl. um fram komna frávísunarkröfu að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Sigurður Árnason, kt. 181045-4779, Vesturbergi 71, Reykjavík, en stefndu eru Runólfur Sigtryggsson, kt. 310555-4289, Jórufelli 10, Reykjavík, Halldóra Sigurðardóttir, kt. 110556-3059, sama stað, Svala Sigtryggsdóttir, kt. 031256-3059, Álakvísl 61, Reykjavík, Sigurgeir Sigmundsson kt. 230957-7469, Laufvangi 3, Hafnarfirði, Helgi Kristjánsson, kt. 211058-5019, Laufvangi 1, Hafnarfirði, Edda Guðmundsdóttir, kt. 200159-3149, sama stað, og Freyja Bergþóra Benediktsdóttir, kt. 280653-4709, Suðurgötu 92, Hafnarfirði.

Mætt var af hálfu stefndu í málinu og haldið uppi vörnum, að undanskildum stefnda Sigurgeiri Sigmundssyni.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa stefnanda á hendur stefnda Runólfi er sem hér segir:

Að stefnda Runólfi verði gert að afhenda stefnanda íbúð á 2. hæð hússins nr. 92 við Suðurgötu í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, að fjárhæð kr. 1.061,65 á dag frá 15. apríl 1990 og að sú fjárhæð breytist með breytingum á vísitölu lánskjara frá þeim degi gegn afhendingu skuldabréfs, að fjárhæð kr. 467.000,00, sem beri meðalvexti banka og sparisjóða af óverð-

tryggðum skuldabréfum skv. tilkynningu Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá afhendingardegi eignarinnar, en skuldabréfið verði með 7 gjalddögum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti einu ári eftir afhendingu íbúðarinnar.

Varakrafa stefnanda á hendur stefnda Runólfi er á þá leið, að honum verði gert að greiða stefnanda kr. 2.100.000,00, ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. desember 1989 til greiðsludags, sbr. og 5. gr. laga nr. 67/1987 (sic). Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna hinn 1. desember 1990.

Krafa stefnanda á hendur stefndu Halldóru er þess efnis, að henni verði gert að greiða stefnanda kr. 128.547,00 ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af kr. 42.849,00 frá 01.02. '90 til 01.03. '90, en þá af kr. 85.698,00 frá þeim degi til 01.04. '90, en þá af kr. 128.547,00 frá þeim degi til greiðsludags, sbr. og 5. gr. laga nr. 67/1987 (sic).

Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna hinn 01.02. '91.

Stefnandi gerir þá kröfu á hendur stefndu Svölu, Sigurgeiri, Helga, Eddu og Freyju Bergþóru, að þeim verði gert að þola dóm í máli þessu.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir, sem falli á málskostnað, leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Stefndu Runólfur Sigtryggsson, Halldóra Sigurðardóttir og Svala Sigtryggisdóttir krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara gera þau kröfu um sýknu af kröfum stefnanda. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnanda sem miðist við gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu annarra stefndu er ekki tekin afstaða til fram kominnar frávísunarkröfu, en einungis krafist sýknu af kröfum stefnanda á hendur þeim. Stefnda Freyja Bergþóra gerir kröfu til málskostnaðar í frávísunarþætti málsins, en sams konar krafa er ekki gerð af hálfu stefndu Helga og Eddu.

Forsendur og niðurstaða.

Aðalkrafa stefnanda gengur út á það, að stefnda Runólfi Sigtryggssyni verði gert að afhenda umrædda íbúð á 2. hæð í húseigninni Suðurgötu 92 í Hafnarfirði með nánar tilgreindum skilyrðum.

Í þessari kröfu felst það, að jafnframt verði rift þeim samningum, sem gerðir hafa verið um íbúðina og stefndu Runólfur, Sigurgeir, Svala, Helgi, Edda og Freyja Bergþóra hafa staðið að.

Því var nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að stefna þessum einstaklingum hverjum um sig til að þola riftun þeirra samninga, sem hver og einn var aðili að.

Kröfugerð stefnanda á hendur þeim er á þá leið, að þeim verði gert að þola dóm í málinu.

Með vísan til 1. tl. d-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 þykir aðalkrafa stefnanda svo óljós og ónákvæm að þessu leyti, að ekki séu skilyrði til þess að fjallað verði efnislega um hana.

Þá gerir stefnandi kröfu á hendur stefndu Halldóru Sigurðardóttur til greiðslu á kr. 128.547,00, eins og nánar er lýst hér að framan.

Hér er um að ræða kröfu stefnanda um endurgreiðslu á húsaleigu úr hendi stefndu Halldóru vegna sérstakrar yfirtöku hennar á leigusamningi stefnanda við húseiganda að Snorrabraut 38, Reykjavík, þar sem söluturninn Teningurinn var til húsa.

Þessi kröfugerð stefnanda þykir ekki samrýmast 27. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og verður því að vísa henni frá dómi.

Eftir stendur því varakrafa stefnanda á hendur stefnda Runólfi.

Með hliðsjón af framansögðu lítur dómurinn svo á, að grundvelli málsins sé svo verulega raskað með frávísun aðalkröfu stefnanda og kröfu hans á hendur stefndu Halldóru, að rétt þykir að vísa málinu frá í heild sinni.

Þá þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.
